



BOLUNGARVÍK





BOLUNGARVÍK

Bolungarvík er ein elsta sjávarbyggð Íslands, með rætur sem ná aftur til landnámsaldar. Þessi fallegi bær, umkringdur tignarlegum fjöllum á norðanverðum Vestfjörðum, er hinn fullkomni staður fyrir þau sem vilja upplifa íslenska náttúru og menningu í sinni tærustu mynd. Sjávarútvegurinn, sem hefur ætíð verið stór hluti sögu Bolungarvíkur, hefur mótað samfélagið og endurspeglast í daglegu lífi íbúanna.

Helstu kennileiti bæjarins eru Bolafjall, með einstöku útsýni yfir Vestfirði, og safnið í Ósvör, þar sem gestir fá innsýn í líf og störf íslenskra sjómanna á 19. öld. Bolungarvík býður einnig upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir útivistarfólk, svo sem fjallgöngur og hjóltreiar um gömlu Óshlíðina. Vínalegt samfélag og fjölbreytt þjónusta gera Bolungarvík að einstökum stað til að kynnst anda Vestfjarða og njóta fegurð þeirra.






seistudio
STRUCTURE ELEGANCE INTEGRATION


framúrskarandi **BOLAFJALL**

Bolafjall er eitt þekktasta kennileiti Bolungarvíkur. Á toppi fjallsins, í **638** metra hæð, er glæsilegur útsýnispallur sem býður upp á stórkostlegt útsýni yfir Vestfirði og Ísafjarðardjúp. Í góðu skyggni er útsýnið einstakt, en jafnvel á skýjuðum dögum er magnað að horfa út yfir skýin. Vegurinn upp á fjallið er aðeins opinn yfir sumarmánuðina, og ferðin upp er ævintýri út af fyrir sig.



Bolafjall er einnig þekkt fyrir mikilvægi sitt í loftvarnareftirliti, þar sem enn er starfandi ratsjárstöð sem er hluti af kerfi NATO, undir umsjón Landhelgisgæslu Íslands.

Útsýnispallurinn leyfir gestum að svífa yfir stórbrotna náttúru Vestfjarða. Hvort sem horft er yfir fjöllin í góðu skyggni eða skýjin fyrir neðan, er heimsókn á Bolafjall klárlega ógleymanleg upplifun.



Ósvör

Ósvör er einstök endurgerð verbúð frá 19. öld, staðsett rétt utan við Bolungarvík. Þessi sögulegi staður veitir gestum innsýn í líf og störf íslenskra sjómanna. Í Ósvör má finna reykhus, torfhús, verkfæri og búnað sem notaður var við sjósókn, auk bátsins Ölvers, sem er ómissandi hluti safnsins. Ósvör endurspeglar raunveruleika Íslendinga á 19. öld með því að fanga náð samband þeirra við náttúruna og áskoranir hennar.

Starfsfólk safnsins tekur á móti gestum í sjóklæðum úr kindaskinni og segir gestum frá safninu með sögum og skýringum sem gera heimsóknina ógleymanlega. Ósvör er ekki aðeins söguleg perla heldur býður hún einnig upp á stórfenglegt útsýni yfir Ísafjarðardjúp og strandlengjuna. Þessi staður er skyldustopp fyrir þau sem vilja kynnast íslenskri sögu, menningu og náttúrufegurð í einni ferð.



Óshlíð

Óshlíðin er aflagður vegur sem liggur á milli Bolungarvíkur og Hnífsdals. Vegurinn var byggður árið 1949 og var hann mikil samgöngubót fyrir lífið í Bolungarvík. Grjóthrun og snjóflóð voru algeng á Óshlíðinni, sem gerði veginn erfiðan yfirferðar, sérstaklega á veturna. Í dag höfum við Bolungarvíkurgöng sem leystu veginn af hólmi. Óshlíðin er nú vinsælt útivistarsvæði vegna fegurðar sinnar, en mikilvægt er að fara varlega á svæðinu.


Þrátt fyrir hættur fortíðarinnar dregur Óshlíðin að sér fjölda útivistarfólks. Gönguleiðin liggur meðfram strandklettum og veitir einstakt útsýni yfir hafið og fjöllin í kring. Fuglalíf er fjölbreytt, og oft má sjá sjófugla hreiðra um sig í klettunum. Óshlíðin býður ekki aðeins upp á stórbrotna náttúru heldur minnir hún á mikilvægi samgangna og hvernig áskoranir náttúrunnar hafa mótað samfélagið á svæðinu.





Musteri vatns og vellíðunar

Sundlaug Bolungarvíkur er notaleg og fjölskylduvæn laug sem býður upp á rúmgóða aðallaug sem hentar bæði til afslöppunar og hressandi sundspretta, ásamt heitum pottum þar sem hægt er að njóta fegurðarinnar í kring. Fyrir börnin er barnalaug, og þeir sem vilja meiri slökun geta notið tveggja heitra potta sem henta fullkomlega til að slaka á, auk þess sem gufubaðið býður upp á dásamlega endurnæringu. Sundlaugin er opin allt árið og nýtur vinsælda hjá bæði heimamönnum og ferðamönnum sem vilja kyrrláta hvíld í einstöku umhverfi. Heimsókn í sundlaugina er tilvalin leið til að ljúka ævintýralegum degi í Bolungarvík, með slökun og góðum félagsskap.





Tjaldsvæði Bolungarvíkur

Tjaldsvæðið í Bolungarvík er staðsett á fallegum og kyrrlátum stað, rétt við sundlaugina. Helsta aðstaða er á svæðinu fyrir ferðamenn, þar á meðal snyrtiaðstaða, rafmagn og leiktæki fyrir börn. Tjaldsvæðið í Bolungarvík er tilvalið fyrir þá sem vilja njóta náttúrunnar í ró og næði, með einstaka staðsetningu nálægt allri þjónustu.

Staðurinn býður upp á afslappaða og notalega upplifun þar sem náttúran er í forgrunni. Hvort sem þú vilt slaka á eða kanna nærliggjandi svæði, er tjaldsvæðið fullkominn áfangastaður fyrir ferðalanga á Vestfjörðum.





Skálavík

Skálavík er friðsæl vík skammt frá Bolungarvík þar sem má finna fallegar gönguleiðir, svartfjörur og kyrrlátt hafsvæði sem gerir staðinn að draumastað fyrir þá sem leita að afskekktum rólegheitum.

Á leiðinni út í Skálavík er afleggjarinn upp á Bolafjall, er því tilvalið að heimsækja báða staðina í sömu ferð, þar sem þeir bjóða upp á ólíka en jafnmagnaða upplifun.

Í skálavík er tjaldsvæði sem býður upp einstakt umhverfi fyrir náttúruunnendur. Tjaldsvæðið í Skálavík er einfalt hentar þeim sem vilja njóta kyrrlátrar náttúru við sjávarsíðuna. Á tjaldsvæðinu má finna klósett aðstöðu en ekkert rafmagn er í boði. Fyrir þau sem kjósa rólegheit og ósvikna tengingu við umhverfið er Skálavík fullkominn staður til að njóta þess sem náttúran hefur upp á að bjóða.





VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR!



BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR